

Hæfniviðmið í íslensku – þrep 1

Talað mál, hlustun og áhorf

Tjáð sig með skýrum og áheyrilegum framburði.
Tekið þátt í uppsetningu á leikriti.
Tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar.
Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri.
Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva.
Átt góð samskipti til dæmis með því að hlusta og sýna kurteisi.

Lestur og bókmenntir

Þekkt og beitt rími.
Notað umskráningu í lestri.
Spáð fyrir um framhald texta.
Endursagt texta sem hefur verið lesinn.
Skilið erfið orð með því að skoða samhengi textans.
Spurt og svarað spurningum úr texta sem hefur verið lesinn.
Túlkað lesinn texta í máli og myndum.
Valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju.
Lesið fræðitexta sér til skilnings.
Lesið ljóð sér til skilnings.
Lesið sögur og ævintýri sér til skilnings.
Notað hugtökin persóna, söguþráður, umhverfi og boðskapur í umræðu um lesið efni.
Notað hugtökin rím, kvæði, vísa og ljóðlína í umræðu um kveðskap.
Aflað sér upplýsinga úr fræðiritum og á rafrænu formi.
Lesið af landakortum.
Lesið úr skýringarmyndum.
Lesið úr myndritum.

Ritun

Haft bil á milli orða.
Notað hástaf á eftir punkti.
Notað hástaf í sérnöfnum.
Staðsett þ á réttum stað í orði.
Staðsett ð á réttum stað í orði.
Þekkt ng- og nk regluna.
Notað hjálparorðin minn og mín til að bæta greini aftan við nafnorð.
Notað punkt í lok málgreinar.
Notað spurningarmerki á viðeigandi hátt.
Notað upphrópunarmerki á viðeigandi hátt.
Notað kommu á viðeigandi hátt.
Byrjað efst á bókstöfunum.
Notað tengikróka í skrift.
Haft hlutföll bókstafa rétt.
Fylgt línunum í skrift.
Skrifað texta með upphafi, miðju og endi.
Skrifað sögu frá eigin brjósti.
Skrifað frásögn.
Skrifað leiðbeiningatexta.
Samið og skrifað ljóð.
Skrifað sendibréf.
Búið til auglýsingu.
Skrifað persónuleg skilaboð.
Skrifað texta á tölvu.
Notað rétta fingrasetningu við ritvinnslu.
Tjáð sig í töluðu og rituðu máli.
Komið texta sínum á framfæri við aðra, til dæmis með upplestri.

Málfræði

Þekkt og fundið bókstafi.
Hlustað eftir hljóðum bókstafanna og greint þau í orðum.
Þekkt sérhljóða og samhljóða.
Útskýrt hugtakið orð.
Útskýrt og greint samsett orð.
Útskýrt hugtakið málsgrein.
Farið með íslenska stafrófið.
Raðað í stafrófsröð.
Nýtt sér stafrófið í námi.
Fundið lýsingarorð og viti að þau eru notuð til að lýsa hlutum.
Fundið nafnorð og viti að þau eru heiti á fólki, stöðum, hlutum og dýrum.
Fundið sagnorð og viti að þau eru notuð til að segja frá athöfnum.
Fundið kyn orða.
Fundið tölu orða.
Gert sér grein fyrir að sum orð hafa fleiri en eina merkingu.
Greint sérnöfn og samnöfn.
Þekkt hugtökin samheiti og andheiti.